

# Íslenskur iðnaður

01. tölublað 17. árg.

Janúar 2011

Samtök iðnaðarins | SI



## Forystumenn ársins 2010

*Stefán Hrafnkelsson hlaut nafnbótina frumkvöðull ársins 2010 hjá Viðskiptablaðinu, Rannveig Rist hlaut viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins 2010 og Frjáls verslun valdi Valdimar Hafsteinsson, framkvæmdastjóra Kjöríss, mann ársins.*

Stefán Hrafnkelsson er framkvæmdastjóri og stærsti eigandi hugbúnaðarfyrirtækisins Betware með 107 starfsmenn. Betware hefur haldið rétt á spöðunum í erfiðu ytra umhverfi. Á fyrstu árum var gerjun mikill og áhersla aðal-

lega lögð á sölu hlutabréfa í stað þess að byggja upp viðskiptamódel og selja vöru. Það sem varð Betware til happs voru réttar netlausnir. Stærsti kostnaðarliðurinn er þróun nýs hugbúnaðar. Vinnan við rannsóknir og þróun hjá



fyrirtækinu ganga vel en óvissan hvernig hlutirnir þróast er alltaf fyrir hendi. Betware stendur traustum fótum, er skuldlaust og með góðan varasjóð til að mæta óvæntum áföllum, að sögn Stefáns Hrafnkels-sonar. Fyrirtækið hefur tekið virk- an þátt í Samtökum sprota- fyrirtækja og Samtökum leikjafyrirtækja innan SI á undanförunum árum. Það er í hópi fyrirtækja sem hlotið hafa viðurkenningar fyrir góðan vöxt. Fyrirtækið náði formlega í úrvaldsdeild íslenskra hátækniyrirtækja á árinu 2009 þegar velta þess náði yfir einn milljarð króna.

Framhald á bls. 6

Menntadagur iðnaðarins á Grand Hótelu Reykjavík  
9. febrúar 9 - 12. Sjá nánar á bls.12 - Skráning á [www.mottaka.is](http://www.mottaka.is)



bls. 2  
Betri  
þjónusta fyrir  
minna fé



bls. 5  
Aðildar-  
viðræður  
undirbúnar



bls. 10  
Verksmiðja  
Actavís  
stækkar



# Sókn með klasasamstarfi

## Betri þjónusta fyrir minna fé



**Davíð Lúðvíksson**

förstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar

Samtök iðnaðarins standa fyrir samstarfsverkefninu ÁR NÝSKÖPUNAR – undir kjörorðunum „frumkvæði – fjárfesting – farsæld.“ Hér er lögð er áhersla á að nýsköpun á erindi við alla. Háskóli Íslands fagnar í ár 100 ára afmæli og mun af því tilefni standa fyrir margþættri dagskrá undir yfirskriftinni „Fjársjóður framtíðar.“ Stjórnvöld lögðu í byrjun ársins fram áætlunina Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag undir kjörorðunum „þekking, sjálfbærni, velferð.“ Í þessu er óneitanlega talsverður samhljómur sem þarf að samstillta og virkja betur.

### Betri þjónusta fyrir minna fé – ný hugsun gegn viðjum vanans

Samtök iðnaðarins efndu í nóvember til fundar þar sem fjárlögin voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir niðurskurð. Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum. Framsögmenn og þátttakendur í pallborði voru sammála um nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður. Í reynd má útvíkka hugsunina þannig að allir taki hana til sín, jafnt ríki, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og félagastarfsemi hvers konar.

Þetta krefst hins vegar nýrrar hugsunar og nýrra lausna. Í því sambandi er gagnlegt að horfa á tækifæri í klasasamstarfi stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja á grunni straumlínustjórnunar. Straumlínuhugtakið (lean thinking) felur í sér þá hugsun að horfa á þjónustu- og framleiðsluferli frá sjónarhorni viðskiptavina. Mörg af framsæknum fyrirtækjum í heimi hafa náð undraverðum árangri með þessari hugsun á undanförunum árum. Hvatinn til samstarfs um verkefni á ábyrgð ríkis og sveitafélaga liggur í því að flytja fjármagn úr föstum farvegi fjárlaga í samkeppnisjóði fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni þar sem forgangsroðun er tengd árangri og gildi fyrir viðskiptavinum. Helstu hindranir eru viðjar vanans – tilhneigingin að halda öllu í sama fari.

### Klasasamstarf og fjármögnun nýsköpunarverkefna á lykilsviðum

Í framhaldi af fundinum um fjárlögin lögðu Samtök iðnaðarins fram tillögu fyrir þá fimm ráðherra og fulltrúa stofnana sem þátt tóku um að efla samstarf á heilbrigðis-, mennta- og orkusviði í formi klasasamstarfs. Lagt var til að taka frá 250 milljónir króna til nýsköpunarverkefna á hverju þessara

þriggja sviða í formi útboðs um samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana.

Markmiðið er að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þessum sviðum og skapa um leið tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.

Einfalt er að koma þessu fyrirkomulagi á í tengslum við umsóknarferli Tækniþróunarsjóðs og skipun sérstakra klasa-fagráða sem meta umsóknir. Fjármögnunin yrði sótt í þá föstu farvegi sem eru til staðar á hverju sviði, en auk þess yrði gerð krafa um mótframlag fyrirtækja í hverju verkefni. Verkefni yrðu tengd sumarvinnu nemenda, atvinnuleitendum á bótum og alþjóðlegu rannsókn- og þróunarsamstarfi. Þannig yrði svigrúm og umfang verkefna sem skilað yrði til baka á viðkomandi sviði í reynd margföld sú fjárhæð sem hið opinbera legði til.

Hugsunin er sú að brjótast úr viðjum vanans með því að leggja þó ekki væri nema örlítið brot af tæplega 280 milljarða útgjöldum ríkisins í þessum málaflökum í nýjan farveg.

### Ekki tókst að tryggja fjármagn á fjárlögum 2011 – en ekki er öll nótt úti!

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð ráðherranna fimm tókst ekki að tryggja fjármagn á fjárlögum til að fylgja þessari hugmynd eftir. Þetta voru vonbrigði og sýnir hversu erfitt er að brjótast úr viðjum vanans í fjárlagagerðinni þótt allir séu sammála um þörfina fyrir að kalla eftir nýjum og betri lausnum fyrir minna fé.

Enn er hluti af iðnaðarmálagjaldinu frá árinu 2010 óráðstafaður í fjárukalögum. Þessa fjármuni eru menn sammála um að setja í farveg Tækniþróunarsjóðs og þá mætti slá tvær flugur í einu höggi með því að nota hluta fjármagnsins í framangreindan farveg. Þetta eru í raun fjármunir iðnaðarins og því eðlilegt að stjórnvöld legðu sitt á móti og tryggðu áframhaldandi fjármögnun verkefna.

Verkefnið fellur vel að Sóknaráætlun 2020 sem ríkisstjórnin lagði nýverið fram. Það er von okkar að hugmyndin um verkefnaútboð á þrem lykilsviðum sem tengjast fjármálum ríkisins geti náð fram að ganga og verði í framhaldinu fjármögnuð á fjárlögum næstu árin undir Sóknaráætlun 2020. Samtök iðnaðarins skora á stjórnvöld að koma nú myndarlega að framangreindu samstarfi fyrirtækja, félaga, stofnana og ráðuneyta og sýna þar með fram á að stefnunni er ætlað að virka í verki.

## KOSNINGAR

### Óskað eftir tilnefningum til stjórnar SI og fulltrúaráðs SA

Í tengslum við Iðnþing fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Helgi Magnússon og gefur hann kost á sér til endurkjörs.

Að þessu sinni ganga fjórir úr stjórn, Andri Þór Guðmundsson og Tómas Már Sigurðsson, sem gefa kost á sér til endurskjörs og Aðalheiður Héðinsdóttir og Loftur Árnason sem hafa setið sex ár samfleytt í stjórninni og eru því ekki lengur kjörgeng, samkvæmt lögum SI.

Þeir sex sem næst eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI skv. 9. grein.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 29. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en **9. febrúar** til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

# IÐNÞING 2011

## Nýsköpun alls staðar

*Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 10. mars kl. 13.00*

### Drög að dagskrá:

Ávarp **Helga Magnússonar** formanns SI  
Ávarp **Katrínar Júlíusdóttur** iðnaðarráðherra

- **Andri Þór Guðmundsson**, Ölgerðin
- **Guðrún Högnadóttir**, Opni háskólinn - HR
- **Tatjana Latinovic**, Össur
- **Jón Ágúst Þorsteinsson**, Marorka
- **Orri Hauksson**, SI

Fundarstjóri: **Aðalheiður Héðinsdóttir**, framkvæmdastjóri Kaffitárs

*Þingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis*



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

## FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

*Helgi Magnússon gefur kost á sér til endurkjörs sem formaður.*

*Andri Þór Guðmundsson, Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Tómas Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðaál, gefa kost á sér til endurkjörs.*

*Hilmar V. Pétursson, CCP hf. hefur þegar tilkynnt að hann gefi kost á sér til setu í stjórn Samtakanna.*

*Minum á að framboðsfrestur rennur út 9. febrúar, sbr. auglýsingu hér að ofan.*

## AÐALFUNDUR

*Aðalfundur Samtakanna fer fram að morgni 10. mars kl. 9.30 – 12.00*

*Félagsmönnum er boðið til hádegisverðar að fundi loknum.*

## ÁRSHÓF

*Árshóf Samtakanna verður haldið daginn eftir Iðnþing, þ.e. föstudaginn 11. mars á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 19.30.*

*Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðnþings og árshófs.*

*Nánari upplýsingar um Iðnþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is)*



## Þrjú fyrirtæki hljóta D-vottun

**Þrjú fyrirtæki** bættust í hóp D-vottaðra fyrirtækja innan SI skömmu fyrir jól. Það eru Rafey ehf. á Egilsstöðum, SÁ verklausnir og G. Helgason.

**Rafey ehf.** er alhliða rafverktaka-fyrirtæki á Egilsstöðum sem annast ráðgjöf, hönnun, uppsetningu og viðhald á öllum gerðum rafkerfa.

**G. Helgason ehf.** er fyrsti málara-verktakinn sem hlýtur vottun skv. gæðakerfiw SI.

**SÁ Verklausnir** er alhliða verktaka-fyrirtæki sem býður fram þjónustu á sviði jarðvinnu, byggingargerðar og lóðafrágangs og hefur á að skipa reyndum sérfræðingum á því sviði.

## R.B. rúm ehf. hlýtur alþjóðleg gæðaverðlaun

**R.B. rúm** hlaut á dögunum alþjóðleg verðlaun á International Quality Crown Awards í London fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Aðeins eitt fyrirtæki í hverri grein hlýtur þessi verðlaun ár hvert og þau eru því þeim mun mikilvægari.

„Það er ekki hægt að sækja um að verða tilnefnd heldur þarf einhver að tilnefna okkur. Við leggjum mikið upp úr því að þjóna viðskiptavinum og viljum að fólk fái bæði sterkari og endingabetri vöru en fæst annarsstaðar,“ sagði Birna Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri.

R.B. rúm ehf. var stofnað árið 1943 og stendur því á 67 ára gömlum merg. Frá upphafi hefur markmið fyrirtækisins verið að sinna þörfum viðskiptavina sinna ásamt því að vera í fararbroddi við þróun og framleiðslu springdýna. Fyrirtækið er félagi í heimssamtökunum ISPA, gæðasamtökum fyrirtækja sem sérhæfa sig í að hanna og framleiða springdýnur.

Fyrirtækið sérhæfir sig ennfremur í að hanna bólstraða rúmgafla og hannar einnig og framleiðir náttborð og fleiri



fylgihluti fyrir svefnherbergi. Ennfremur sér það um viðhald á springdýnum og gömlum húsgögnum. Þúsundir viðskiptavina um allt land hafa keypt rúm og springdýnur frá fyrirtækinu.

## Hjálmar Gíslason, DataMarket, valinn Nörd ársins

**Mikil þátttaka** var í nýársgleði sem upplýsingatæknifyrirtækið Skýrr hélt fyrir samstarfsaðila og viðskiptavini 7. janúar. Í aðdraganda gleðinnar var efnt til samkvæmisleiks meðal viðskiptavina fyrirtækisins og NÖRD ÁRSINS valinn. Um 400 tilnefningar bárust frá 7 þúsund manns og 20 manns fengu fleiri en tvö atkvæði. Dómnefnd fór síðan yfir tilnefningar og valdi NÖRD ÁRSINS með hliðsjón af þeim. Einn nörd skaraði fram úr, en þar var á ferðinni Hjálmar Gíslason, stofnandi DataMarket, sem rekur samnefnt markaðssvæði fyrir tölfraedi og önnur gögn. Hann fékk tvöfalt fleiri tilnefningar en næsti maður og dómnefnd var á einu máli um að það væri verðskuldað enda „sameinist í Hjálmarí einstakur nörd og útsjónarsamur athafnamaður og í DataMarket sannast að einlægur áhugi og ástríða fyrir viðfangsefni er mikilvægari en gróðahugsjónir. Hjálmarí hefur tekist að gera hráa og þurra tölfraedi athyglisverða, einfalda og spennandi með notkun upplýsingatækni. Hann hefur náð til almennings og þannig gert upplýsingatæknina sýnilega og



Gestur G. Gestsson, Hjálmar Gíslason og Stefán Hrafn Hagalín

dregið fram mikilvægi hennar,“ eins og segir meðal annars í umsögn dómnefndar.

Hjálmar er því NÖRD ÁRSINS. Hann hlaut að launum veglegan farandbikar og ferð fyrir tvo til útlanda að eigin vali með einhverju af íslensku flugfélögunum.

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is)

# Aðildarviðræður undirbúnaðar

Undirbúningur að aðildarviðræðum við Evrópusambandið er í fullum gangi þótt fjórleg umræða sé um málið á hinum pólitíska vettvangi. Fyrstu rýnifundir voru lok nóvember og munu þeir standa fram í júní á þessu ári. Miðað við ganginn í ferlinu og að ekkert óvænt komi upp má búast við að eiginlegar aðildarviðræður geti hafist seint á árinu.

Mörg viðkvæm og flókin viðfangsefni þarf að leysa í aðildarviðræðum einkum tengd sjávarútvegi og landbúnaði. Ekki má gleyma að á mörgum öðrum sviðum eru margvísleg önnur hagsmunamál og úrlausnarefni sem huga þarf að og snerta miklu fleiri hliðar atvinnulífsins. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, segir að upp að vissu marki hafi íslenskur iðnaður gengið í Evrópusambandið þegar EES-samningurinn varð að veruleika án þess þó að búa við stöðugan gjaldmiðil og hafa aðkomu að ákvörðunum ESB. Einnig stöndum við utan við sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu sambandsins. Það þurfi því ekki að koma á óvart að veigamestu atriðin í aðildarviðræðum snúi að þessum tveimur þáttum. „Það er hagsmunamál allra að viðunandi lausnir fáiast enda mun íslenska þjóðin tæplega samþykkja aðild ef svo er ekki. Þetta gildir bæði um þá sem eru með eða á móti aðild því niðurstaðan gæti orðið sú að við göngum í ESB. Þannig er hagfelldur samningur líka mikilvægur fyrir þá sem eru á móti“, segir Bjarni.

## Rýnivinna í fullum gangi

Bjarni Már tekur þátt í starfi samningahóps EES I sem átta kaflar aðildarviðræðna falla undir. Nokkrum rýnifundum er lokið en fundirnir munu standa fram í júní. Í þeim hópi er m.a. fjallað um frjálsa vöruflutninga, matvælaöryggi, samkeppnismál, opinber innkaup, iðnstefnu, hagtölur, hugverkarétt og orkumál. Á rýnifundum er skoðað mjög nákvæmlega hvernig íslensk lög og stjórn-sýsla stendur að vígi við að uppfylla kröfur aðildar. Bjarni Már segir að almennt sé ekki mikið um vandamál eða stórkostleg ágreiningsmál við ESB í þessum köflum en vissulega sé að ýmsu að hyggja og aðild geti haft talsverð áhrif á íslenskan iðnað.

Ragnheiður Héðinsdóttir situr fyrir hönd SI í samningahópi um landbúnaðarmál. Ragnheiður segir þræði fléttast víða inn í landbúnaðinn enda séu flest úrvinnslufyrirtæki í kjöt og mjólk félagsmenn í SI. „Í þessum greinum er and-

staða við aðild býsna afdráttarlaus enda dylst fæstum að aðild að ESB gæti haft verulega neikvæð áhrif á suma hluta þess iðnaðar. Okkar hlutverk er fyrst og fremst að fylgjast náið með viðræðum og huga að hagsmunum okkar fyrirtækja. Við veitum einnig sérfræðiþekkingu eftir atvikum en ferlið er frekar skammt á veg komið og því erfitt að segja til um hvernig mál koma til með að þróast,“ segir Ragnheiður.

## Aukin umræða um peningamál

Eitt mikilvægasta hagsmunamál íslensk iðnaðar og atvinnulífs um þessar mundir er skipulag peningamála. Sú umræða hverfist að nokkru um aðild að ESB enda er það mat flestra, og kom m.a. skýrt fram í nýrri skýrslu Seðlabankans, að valkostir okkar til langs tíma séu tveir: gjörbreytt peninga- og efnahagsstefna eða aðild að ESB með evru. Bjarni Már segir að frá því að gjaldeyrishöft voru sett og krónan einangruð frá umheiminum hafi ekki mikil umræða átt sér stað um framtíðar-fyrirkomulag í peningamálum. „Umræða



Ragnheiður Héðinsdóttir og Bjarni Már Gylfason

um valkosti í peningamálum til langs tíma verður að aukast, og ekki síður hvernig stýra beri peningamálum þjóðarinnar fram að því að Ísland eigi kost á upptöku evru, kjósi Ísland að ganga í ESB. Í öllu falli þurfum við peningamálastefnu sem styður við efnahagslíf þjóðarinnar. Það er mikilvægt að ljúka aðildarviðræðum og stilla upp trúverðugum og raunhæfum valkostum“, segir Bjarni.

## Félagsgjöld 2011

Í ljósi efnahagsástandsins og niðurfellingar iðnaðarmálagjalds hefur stjórn Samtaka iðnaðarins ákveðið að auka afslætti af félagsgjöldum. Iðnaðarmálagjaldið kom áður til frádráttar af félagsgjöldum til Samtakanna.

Almennur afsláttur hækkar úr 20% í 40% auk þess sem afsláttur til skilvísra félaga hækkar úr 7,5% í 10%.

Að jafnaði nemur lækkunin á greiðslum til SI 40%. Afnáam iðnaðarmálagjaldsins þýðir að SI innheimta félagsgjöldin beint og talan á greiðslusedlinum hækkar því að jafnaði um 56% þrátt fyrir 40% raunlækkun á heildargreiðslum til SI.

Lágmarksgjaldið, sem er kr. 25.000 verður óbreytt.

Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.si.is/adild-ad-si/](http://www.si.is/adild-ad-si/) reiknivél/

Jón Bjarni Gunnarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri SI



# Forystumenn

## ársins 2010

Framhald af forsíðu

### Rannveig Rist forstjóri Alcan á

Íslandi hlaut viðskiptaverðlaun

Viðskiptablaðsins. Hún þakkaði við það tækifæri starfsfólki ISAL fyrir þann árangur sem náðst hefur í rekstri fyrir-tækisins.

Jafnframt sagðist hún vonast til að ákvörðun Rio Tinto um að ráðast í tæp-lega 60 milljarða króna fjárfestingar-verkefni í Straumsvík myndi styrkja orðstír Íslands sem fjárfestingarkost meðal annarra erlendra fjárfesta. Hún rifjaði upp að stór fjárfestingarverkefni í Straumsvík hefðu oftast en ekki komið á besta tíma fyrir íslenskt efnahagslíf. Það ætti við um byggingu álversins í lok sjöunda áratugar síðustu aldar, stækkun þess um miðjan tíunda ára-tuginn og fjárfestingarverkefnið sem nú er hafið og lýtur að framleiðsluaukningu og breytingu á framleiðsluafurðum.

Rannveig Rist er fyrsta konan í ís-lensku viðskiptalífi sem hlýtur verðlaun-in frá því þau voru afhent fyrst árið 1996.

### Valdimar Hafsteinsson fram-

kvæmdastjóri Kjöríss var valinn

maður ársins af Frjálsri verslun. Hann hlaut þann heiður fyrir mikla fag-mennsku í rekstri, ráðdeild, dugnað, hófsemi og útsjónarsemi sem gert hefur Kjörís að stöndugu og framúr-skarandi fyrirtæki og einu þekktasta vörumerki landsins með um það bil 260 vörunúmer og framleiðir um 160 vöru-tegundir af ís. Valdimar er 44 ára og hefur verið framkvæmdastjóri í sextán ár og stýrt fyrirtækinu ásamt systkinum sínum og móður, eftir að faðir þeirra Hafsteinn Kristinsson, einn stofnenda Kjöríss, féll frá aðeins 59 ára að aldri.

Kjörís var stofnað árið 1969 og að því stendur vandað og traust fólk sem rekið hefur fyrirtækið frá upphafi. Það byggir eingöngu á innri vexti og hefur aldrei yfirtekið annað fyrirtæki. Kjörís er fjórði stærsti vinnuveitandinn í Hveragerði. Það ríkir gagnkvæm virðing og hollusta á milli stjórnenda og starfs-manna. Við hrunið ákváðu forsvars-menn Kjöríss að segja engum upp, lækka engin laun og minnka ekki starfshlutfallið hjá neinum.

## Ný kynslóð söfnunarbíla fyrir úrgang

**Gámaþjónustan** kynnti nýja kynslóð söfnunarbíla fyrir úrgang og er hann sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Búnaður bílsins er frá Norða í Svíþjóð.

Í bílinn er hægt að safna tveim úrgangsflokkum í sömu

ferð. Söfnunarkassanum er skipt langsum í tvö sjálfstæð hólfi, 14m<sup>3</sup> og 7m<sup>3</sup>. Lyftan og pressan geta unnið sjálfstætt á hvoru hólfi fyrir sig eða saman þegar sama efni er safnað í bæði hólfin. Með því að geta losað tvö ílát í einu frá heimilum sparast tími og akstur. Þessi nýjung er í senn umhverfisvæn og fjárhagslega hagkvæm.

Bíllinn verður notaður á Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsvæðinu. Auk bílsins voru kynntar fleiri nýjungar í úrgangsméðhöndlun svo sem tveggja tunnu kerfi með innra hólfi fyrir lífræna söfnun, lífrænar pokar frá BioBag, flokkunarílát og ýmis annar búnaður sem notaður er í nútíma úrgangsstjórnun.



## Kaffitár hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2010

F.v. Sveinn Aðalsteinsson, framkv. stj. Starfsafis, Valdís A. Steingrimsdóttir, verkefnastjóri Starfsafis, Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Björgvin Ö. Eggertsson, verkefnastjóri Grænna skóga og Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs



**Kaffitár og Starfsafli**, starfsmenntasjóður Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, hlutu Starfsmenntaverðlaunin í flokki félagasamtaka og einstaklinga fyrir verkefnið Fræðslustjóri að láni. Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim sem vinna að framúrskarandi verkefnum í fræðslumálum og starfsmenntun.

Starfsmenntaverðlaunin 2010 voru afhent í desember. Tilgangur verðlaunanna er að styðja við nýsköpun og framþróun starfsmenntunar á Íslandi ásamt því að vekja athygli á málefnum. Verðlaunin eiga að vera verðlaunahöfum hvatning til áframhaldandi starfa og öðrum til fyrirmyndar á þessu sviði. Verðlaunin voru veitt í þremur flokkum, Reykjavíkurborg hlaut verðlaunin í flokki fyrirtækja fyrir verkefnið Íslenskuskólinn og Námskeiðaröðin Grænni skógar fékk verðlaun í flokki skóla og fræðsluáðila. Starfsafli og Kaffitár hlutu verðlaunin í flokki félagasamtaka og einstaklinga fyrir verkefnið Fræðslustjóri að láni. Verkefnið byggist á því að Starfsafli láni út mannauðsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja í afmarkaðan tíma, fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands afhenti verðlaunin. Verðlaunagripurinn var unnin eftir merki verðlaunanna, og er tré með skeifulaga laufum, steypt í brons.

# Breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki

## Endurgreiðsluþökin hækkuð – skattahvatar til fjárfesta afnumdir?

**E**SA, eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 ásamt reglugerðum. Því hefur ekki verið unnt að afgreiða umsóknir sem liggja fyrir hjá Rannís. Fjármálaráðherra lagði fram í lok nóvember frumvarp um breytingar á lögum sem voru samþykktar 17. desember.

Helstu breytingar sem gerðar voru eru þessar:

- Hlutabréfaafsláttur til handa einstaklingum og lögaðilum vegna fjárfestinga í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum var felldur brott. Ekki var hægt að benda á skýrt fordæmi fyrir honum inn EES.
- Nýsköpunarverkefni hljóta staðfestingu af Rannís samkvæmt lögnum í stað nýsköpunarfyrirtækja.
- Rannsóknir og þróun eru skilgreind með sama hætti og gert er í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisstyrki vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar frá 7. febrúar 2007.
- Greinilega er kveðið á um það í lögnum hvaða hámarksreglur gilda um samanlagða opinbera styrki til verkefna á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar eins og áskilið er í leiðbeiningarreglum ESA.

Til viðbótar var breytt:

- Heimild til frádráttar frá álögðum tekjuskatti nýsköpunarfyrirtækja hækkar úr 15% í 20%.
- Hámark á rannsóknar- og þróunarkostnaði til almennrar viðmiðunar á frádrætti hækkar úr 50 millj. kr. í 100 millj. kr.
- Hámark á rannsóknar- og þróunarkostnaði til viðmiðunar á frádrætti hækkar úr 75 millj. kr. í 150 millj. kr. Þegar um aðkeypta rannsóknar- og þróunarpjónustu er að ræða frá ótengdu fyrirtæki, háskóla eða rannsóknastofnun.
- Fallið er frá því að við ákvörðun á skattalegu tapi samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, skal einungis líta til rekstrartaps viðkomandi



**Davíð Lúðvíksson**  
försðumaður SI

nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem verkefni í eigu þess hlaut staðfestingu vegna skattafrádráttar.

SI sáu þann kost vænstan að styðja þá meginhugsun í þessu nýja frumvarpi að tryggja sem hraðasta innleiðingu á þeim þáttum laga (nr. 152/2009) sem ESA taldi að mætti innleiða án formlegrar rannsóknar (6-10 mánaða töf) innan EES. Samtökin bentu jafnframt á nauðsyn þess að ganga lengra og lyfta þökunum varðandi hámark kostnaðar hjá hverju fyrirtæki upp í 750 milljónir til að koma til móts við stærri nýsköpunarfyrirtæki sem vilja halda áfram að vaxa á Íslandi. Ísland á í harðri samkeppni um starfsskilyrði við lönd sem sækjast markvisst eftir að laða til sín stöndug tæknifyrirtæki, þar sem þessi fyrirtæki greiða alla jafnan hærra laun og nýta háskólamenntað fólk í meira mæli en önnur.

Þá bentu Samtökin á mikilvægi þess að halda fast til haga ákvæðum nýsköpunarlaganna um afslátt vegna hlutabréfakaupa einstaklinga og lögaðila í nýsköpunarfyrirtækjum og að þessi atriði komi til framkvæmda með skattauppgjöri ársins 2010 og skattframtali í mars/júní nk. (fyrir einstaklinga/lögaðila). Þar sem meiri óvissa ríkti um samþykki ESA á þessum þætti lögðu samtökin til að þessum ákvæðum yrði haldið sér og ekki blandað saman við endurgreiðsluhlutann til að taka ekki áhættuna á að allur pakkinn yrði fyrir töfum þó einstakir þættir gætu tafist.

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar skilaði áliti til að koma til móts við sjónarmið SI, um að leitað verði leiða til þess að þau fyrirtæki sem sótt-

ust eftir staðfestingu vegna hlutafjárukningar á árinu 2010 fái notið þeirra jákvæðu breytinga sem löggin áttu að leiða af sér, auk þess sem skorið verði úr álitamálinu varðandi þessi lagaákvæði á vettvangi ESA sem allra fyrst.

Myndaður hefur verið vinnuhópur ráðuneyta og hagsmunaaðila með þátttöku SI og SA til að finna hagkvæmstu leið til að bjarga því sem bjargað verður af þeim ákvæðum nýsköpunarlaganna sem felld voru út í framangreindum breytingum.

## Nýir félagsmenn

**Strax ehf.**  
**Ofanleiti 2**  
**103 Reykjavík**

**Medical Algorithms ehf.**  
**Vatnagörðum 18**  
**104 Reykjavík**

**Rafhitun ehf.**  
**Kaplahrauni 7a**  
**220 Hafnarfirði**

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
01. tbl. 17. árg. Janúar 2011  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 20.01.2011  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Bjarkarás  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Haraldur Guðjónsson mynd á forsiðu, Björgvin Þór Björnsson  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Orrí Hauksson  
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir  
Prófarkalestur: Ingi Bogi Bogason Rakei Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

## Milljónasta tonnið framleitt í álveri Alcoa Fjarðaáls

Milljónasta tonnið var framleitt í álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði í desember, en framleiðsla hófst í álverinu árið 2007. Verðmæti milljón tonna af áli eru um 265 milljarðar króna miðað við álverð á markaði og gengi dollarans nú, en verðmæti útfluttra afurða frá upphafi nemur um 260 milljörðum króna.



„Þetta er sannarlega ánægjulegur áfangi og við hjá Fjarðaáli erum afar stolt af okkar framleiðslu. Upphaflega var talið að framleiðslugeta álversins yrði um 346.000 tonn á ári, en framleiðslan hefur reynt meiri og nýtt starfsleyfi gerir ráð fyrir að hún verði aukin í allt að 360.000 tonn. Verðmæti útflutnings okkar á síðasta ári var um 75 milljarðar króna og um 40% af því varð eftir á Íslandi,“ segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi. Samtals starfa um 800 manns á álverssvæðinu á Reyðarfirði. Tómas Már segir að hlutfall virðisaukandi vöru hjá Fjarðaáli fari vaxandi sem eykur mjög verðmæti útflutningstekna. Einnig hefur framleiðsla í kerskála álversins á Reyðarfirði verið aukin með bættri straumnýtingu.

Milljónasta áltonnið var framleitt í víravél álversins og notað í 9,5 mm álvir í rafmagnskapla. Vírarnir eru í gámi um borð í skipi á leið til dreifingar í Mið-Evrópu. Álver Fjarðaáls framleiðir hreint gæðaál, álvíra og álblöndur sem m.a. eru notaðar í bílaíðnaði. Stærstur hluti útflutningsvara Fjarðaáls fer til meginlands Evrópu.

## Breytingar á lögum sem hafa áhrif á félagsmenn SI

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman yfirlit um helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi um áramótin. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða og er þeim sem vilja kynna sér málið frekar bent á vefi Alþingis og ríkisskattstjóra.

- **Tekjuskattur** hluta- og einkahlutafélaga 20,00%
- **Tekjuskattur** samlags- og samlagsfélaga 36,00%  
Hækkunin kemur til við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.
- **Staðgreiðsla, tekjuskattur og útsvar**, einstaklinga verður á árinu 2011 í þrem þrepum:
 

Af mánaðarlaunum að kr. 209.400	37,31%
Af næstu kr. 471.500	40,21%
Af launum umfram kr. 680.550	46,21%
- **Persónuafsláttur** á mánuði kr. 44.205
- **Tryggingagjald** er óbreytt 8,65%
- **Bensíngjald** og olíugjöld hækka um 4,00%
- **Kolefnisgjald** á fljóttandi eldsneyti hækkar um 50,00%
- **Olíugjald** hækkar um 4,00%
- **Áfengisgjald** hækkar um 4,00%
- **Tóbaksgjald** hækkar um 7,00%  
Auk ofangreindra hækkana á áfengis- og tóbaksgjaldi er gjaldfrelsi fríhafna skert.
- **Úrvinnslugjöld** - Verulegar hækkanir á úrvinnslugjöldum taka gildi frá 1. janúar.
- **Breytingar á vörugjöldum bifreiða**  
Breytt hefur verið um viðmið við útreikning á vörugjöldum bifreiða. Í stað þess að miða við rúmtak vélar verður hér eftir miðað við mengun í útblæstri. Í lögnum er einnig að finna heimildir til lækkunar á vörugjöldum ef faratækið er knúð metani.
- **Afsláttur vegna kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum**  
Fellð er niður heimild til frádráttar frá tekjuskatti vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.
- **Útvarpsgjald** er kr. 17.900
- **Fjármagnstekjuskattur** er 20,00% Frítækjumark er kr. 100.000
- **Auðlegðarskattur** er 1,50% Skatturinn leggst á eignir einstaklinga umfram 75 m.kr. og eignir hjóna umfram 100 m.kr.
- **Erfðafjárskattur** er 10,0% Fríeignarmörk eru 1,5 m.kr.
- **Séreignarsparnaður** Heimilt verður að taka úr séreignarsparnað allt að 5 m.kr. án þess að hafa náð 60 ára aldri. Frá þessari fjárhæð dregst áður úttekinn fjárhæð.

## Samantekt yfir nýsamþykkt lög og breytingar á lögum sem Samtök iðnaðarins hafa látið sig varða (sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is))

### Lög um mannvirki

Markmið nýju laganna er að auka öryggi og gæði mannvirkja, efla neytenda-vernd, gera stjórnábyrgðir mannvirkjamála sem skilvirkasta, auka faglega yfirsýn í málaflóknum og tryggja samræmt byggingareftirlit um land allt. Lög in fela m.a. í sér að ný stofnun, Mannvirkjastofnun, tók til starfa 1. janúar 2011. Jafnframt verður Brunamálastofnun lögð niður og ábyrgð á framkvæmd byggingamála færð frá Skipulagsstofnun til Mannvirkjastofnunar.

### Lög um breytingu á raforkulögum

Með þessum breytingum á lögnum er verið að fresta gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja um eitt ár. Er þetta í þriðja sinn sem gildistökkunni er frestað.

### Lög um breytingu á vöxtum og verðtryggingu o.fl. (uppgjör gengis- tryggðra lána o.fl.)

Lögnum er ætlað að leysa álitæfni tengd uppgjöri gengistryggðra lána einstaklinga en um það var deilt hvaða uppgjörsaðferðir ætti að leggja til grundvallar og hvort það skyldi gert með lagasetningu, samkomulagi stjórnvalda við lánaþyrtaði eða með málaferlum fyrir dómstólunum.

### Lög um breytingar á vörugjöldum af ökutækjum, eldsneyti o.fl. (skattlagning skv. útblæstri bifreiða)

Um er að ræða kerfisbreytingu í skattlagningu ökutækja og eldsneytis að því er varðar viðmið skattlagningar með það að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa.

### Lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

Í fyrsta lagi eru breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í öðru lagi eru breytingar sem snúa að rýmku á skattalegum úrræðum fyrir fyrirtæki, annars vegar vegna skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda og hins vegar vegna heimildar til greiðslu-uppgjörs á gjaldföllum skattaskuldum frá fyrri árum. Í þriðja lagi

eru breytingar á lögum um nýsköpunarfyrirtæki til frekari eflingar þeirri starfsemi, auk niðurfellingar hlutabréfaafsláttar. Í fjórða lagi er framlengt bráðabirgðákvæði um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem felur í sér að vikmörk milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyrissjóða verði áfram 15% í stað 10% út árið 2010. Í fimmta lagi eru breytingar á heimildum skattrannsóknarstjóra til að einfalda og hraða málsmeðferð gagnvart aðilum sem eru til rannsóknar. Að lokum er að finna nokkrar breytingar sem eru tilkomnar vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), tilkomu umhverfisvænna orkugjafa og framlengingar á niðurfellingu stimpilgjalds vegna skilmálabreytinga lána hjá fólki í greiðsluferðileikum.

### Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Með lögnum er verið að gera breytingar á gildandi lögum til samræmis við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2011.

### Lög um breytingar á virðisaukaskatti (rafræn þjónusta, bætt skil og eftirlit)

Breytingarnar felast í fyrsta lagi í því að skilgreint er hvað telst vera útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu og teljist þar með ekki til skattskyldrar veltu. Í öðru lagi er að finna ákvæði er hafa það markmið að bæta skil og eftirlit með greiðslu virðisaukaskatts. Í þriðja lagi eru gerðar nokkrar breytingar á fjárhæðarmörkum og skilgreiningum og í fjórða lagi er felld niður heimild til endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns. Þá er loks framlengd til ársloka 2011 heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hóperðabifreiða annars vegar og til byggjenda og eigenda húsnæðis hins vegar.

### Lög um breytingu á lögum um úrvinnslugjald (hækkun gjalda)

Úrvinnslugjald á nokkra vöruflokkar hækkar.



# Stofnfundur SHI Samtaka heilbrigðisiðnaðarins

**Stofnfundur SHI** fór fram 19. janúar. SHI mun starfa sem starfsgreinahópur innan SI.

Miðað er við félagar séu fyrirtæki sem tengjast nýsköpun og þróun á heilbrigðissviði. Fyrirtæki í þessari grein hafa verið eflast á undanförunum árum og stofnfélagar eru vel á annan tug. Eitt af þeim verkefnum sem þessi nýju samtök standa frammi fyrir er að efla samstarfið innan heilbrigðisklasans með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útflutning að leiðarljósi.

Á stofnfundinum var kosin fimm manna stjórn og tveir til vara. Formaður var kosinn Perla Björk Egilsdóttir, frá SagaMedica Meðstjórnendur voru kosnir, Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical og



Fyrsta stjórn SHI, frá vinstri Árni, Garðar, Perla, Jón, Sveinbjörn og Börkur. Á myndina vantar Þorvald Ingvarsson.

Jón Valgeirsson, Actavis til tveggja ára og Árni Þór Árnason, Oxymap og Garðar Þorvarðsson, Medical Algorithms til eins árs. Varamenn í stjórn voru kosnir Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia

og Þorvaldur Ingvarsson, Össuri. Það verður fróðlegt að fylgjast með starfsemi þessa öfluga og hraðvaxandi hóps innan SI í framtíðinni.



Aðalfundur SÍL haldinn  
hjá Orf Líftækni

**Ný stjórn Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja** var kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn var hjá Orf Líftækni. Formaður samtakanna, Jóhannes Gunnarsson hjá Genís, situr áfram ásamt Ásu Brynjólfsdóttur hjá Bláa Lóninu heilsuvörum. Í stjórnina kemur Guðný Einarsdóttir hjá Roche NimbleGen í stað Jakobs K. Kristjánssonar hjá Prókatín sem setið hefur í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2004. Jakob starfaði sem formaður á fyrstu árum félagsins og voru honum þökkun vel unnin störf.

Samtökin stóðu fyrir ýmsum fundum og þar bar hæst málstofu um einkaleyfi þar sem velt var upp gagnsemi einkaleyfa og hvað beri að varast. Málstofan var vel sótt og umræður gagnlegar. Athygli vakti fundur norræna fjárfesta á sviði líftækni sem opinn var félagsmönnum SÍL. Þar kynntu nokkur fyrirtæki starfsemi sína. Samtökin sinna ýmsum hagsmunamálum líftæknifyrirtækja og komu m.a. að umsögnum um lagafrumvörp og reglugerðardrög á sviði erfðabreyttra lífvera og erfðabreyttra matvæla og fódurs.

## Prenttæknistofnun gefur Tækniskólanum Apple tölvur



Frá vinstri: Georg Páll Skúlason formaður Fbm, Haraldur Dean Nelson forstöðumaður upplýsingatækni- og prentsviðs SI, Baldur Gíslason skólameistari, Tryggvi Jóhannsson kerfisstjóri, Bjargey Gígja Gísladóttir skólastjóri Upplýsingatækniskólans, Ómar Örn Magnússon deildarstjóri upplýsingatæknideildar, Björn M. Sigurjónsson sviðsstjóri prenttækni- og sviðs IDUNNAR og Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans,

Prenttæknistofnun afhenti í desember Upplýsingatækniskólanum nítján iMac tölvur til nota við kennslu í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Tölvurnar koma í góðar þarfir því nauðsynlegt var að endurnýja tölvukost skólans.

Samhliða var undirritað samkomulag milli prenttækni- og sviðs IDUNNAR og Upplýsingatækniskólans um afnot prenttækni- og sviðs IDUNNAR til símennta- námskeiða. Slíkur samningur hefur verið

óformlega í gildi um árabíl en við þetta tækifæri var fyrirkomulagið sett á blað og undirritað af Baldri Gíslasyni frá Tækniskólanum og Birni M. Sigurjónssyni sviðsstjóra prenttækni- og sviðs IDUNNAR.

Tölvurnar eru iMac með 21" skjá, 3.06 Ghz örgjörva og 500 GB hörðum disk. Þær eru nægilega öflugar til að keyra öll nýjustu forritin sem kemur sér vel við kennsluna. Ekki síst á þetta við í gerð og hönnun rafbóka sem sífellt færast í vöxt.

# Verksmiðja Actavis í Hafnarfirði stækkar um helming

**Actavis á Íslandi** hefur lokið við að stækka lyfjaverksmiðju sína í Hafnarfirði og eykst framleiðslugetan við það úr einum milljarði taflna í einn og hálfan milljarð taflna á ári. Verksmiðjan var opnuð formlega um miðjan janúar að viðstöddum forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni.

Starfsfólki Actavis fjölgaði um 100 í fyrra, þar af 70 vegna stækkunar verksmiðjunnar. Um 700 manns starfa nú hjá Actavis á Íslandi. Unnið er allan sólarhringinn í verksmiðjunni og er hún fullbókuð sjö mánuði fram í tímann, sem þýðir að öll framleiðsla næstu sjö mánuðina er þegar seld.

Verksmiðjan framleiðir töflur og hylki, en samvinna þróunarmiðstöðvar Actavis í Hafnarfirði og verksmiðjunnar sem nú er að stækka þýðir að hér á landi eru mörg af nýjustu og verðmætustu lyfjum félagsins framleidd og flutt út. Mest er flutt út til Evrópu. Heildarkostnaður við stækkun verksmiðjunnar nemur um 1,2 milljörðum króna.

Tæki og tól í verksmiðjunni koma frá Bandaríkjunum og Evrópu, en verktakar



Jón Gunnar Jónsson framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi sýnir Ólafi Ragnari Grímssyni forseta nýju verksmiðjuna

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir forstjóri Actavis á Íslandi

við bygginguna eru íslenskir. Þótt byggingin sé mjög sérhæfð, hefur ekki þurft að kaupa sérhæfða ráðgjöf erlendis frá til að sinna verkefninu, sú sérfræðipæking er til staðar innan Actavis og hjá íslenskum verkfræðistofum. Rík áhersla er lögð á gæðamálg og uppfyllir verksmiðjan í Hafnarfirði kröfur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice). Actavis á Íslandi hefur jafnframt hlotið ISO 14001 vottun fyrir umhverfisstjórnun og OHSAS 18001 vottun til staðfestingar á því að félagið

hafi staðist úttekt á heilsu- og öryggisstjórnunarkerfi sínu á Íslandi.

Útflutningsverðmæti lyfja sem framleidd voru í verksmiðju Actavis í Hafnarfirði í fyrra, námu um 12 milljörðum króna. Til samanburðar má geta þess að fjárlög 2010 gerðu ráð fyrir tæplega 9 milljörðum króna til reksturs Háskóla Íslands. Lyfjaverksmiðjur Actavis eru alls 14 í 12 löndum. Starfsmenn Actavis samsteypunnar eru um 10.000 í yfir 40 löndum. Heildarvelta samstæðunnar nam um 1.7 milljörðum evra í fyrra.

## Fjöldi námskeiða í boði á vorönn

Nýtt fræðsluár er hafið hjá IDUNNI fræðslusetri. Fjölbreytt úrval námskeiða eru í boði á öllum okkar fagsviðum auk úrvals almennra námskeiða. Við hvetjum alla til að kynna sér framboðið á heimasíðu okkar [www.idan.is](http://www.idan.is)

**Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér framboðið á [www.idan.is](http://www.idan.is)**



**IDAN**  
fræðslusetur  
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík  
Sími 590 6400 - Fax 590 6401  
idan@idan.is - www.idan.is

## Stjórn SSP endurkjörin

Aðalfundur Samtaka sprotafyrirtækja var haldin 2. desember.



Öll stjórnin

bauð sig fram til endurkjörs og hlaut kosningu á fundinum.

Í stjórninni eru: Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf. (formaður) Til tveggja ára: Gunnlaugur Hjartarson, Iceconsult ehf. Sveinbjörn Höskulds-son, Nox Medical ehf. Til eins árs: Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf. Íris Kristín Andrésdóttir, Gogogic ehf. Varastjórn til eins árs: Perla Björk Egilsdóttir, Saga Medica ehf. Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.



## EVE Online frumlegasti leikur ársins 2010

Netleikurinn EVE Online hefur verið valinn frumlegasti leikur ársins 2010 af lesendum leikjavefsíðunnar MMORPG.com. Lesendurnir fengu tækifæri til þess að kjósa á milli fimm leikja og hlaut EVE Online 32,7% allra atkvæða.


Á síðunni kemur fram að lesendum þykir tölvuleikurinn skara fram úr hvað varðar tækni og þróun sýndarveruleikaheimsins á netinu sem gerir það að verkum að notendur verða dyggir aðdáendur og sífellt fleiri bætast í hópinn.


Þá er einnig minnst á EVE Online keppnina sem haldin verður í sjöunda sinn í Reykjavík helgina 24. til 26. mars. Þar fá notendur allstaðar að úr heiminum tækifæri til að hittast, spjalla við framleiðendur, skemmta sér og kynnst Íslandi.


# Nýsköpun í menntun


Samtök iðnaðarins bjóða til málþings á Menntadegi iðnaðarins miðvikudaginn 9. febrúar frá kl. 9 til 12 í Hvammi á Grand Hótelu Reykjavík.

## DAGSKRÁ


**Orri Hauksson**, framkvæmdastjóri SI —   
- Afivaki nýsköpunar

**Davíð Lúðvíksson**, SI —   
- Niðurstöður könnunar SI á þörf fyrirtækja fyrir menntun

**Katrín Jakobsdóttir**, menntamálaráðherra —   
Ávarp

**Runólfur Smári Steinþórsson**, prófessor HÍ —   
Hlutverk menntunar í myndun klasa og þekkingarkjarna!

**Ólafur Andri Ragnarsson**, Betware, IGI, aðjúnkt HR —   
Samstarf HR og IGI

**Raundæmi um nýsköpun og menntun** —   
Gissur Pétursson, Ingunn Sæmundsdóttir,  
Anna Þóra Ísfold og Eva Huld Friðriksdóttir

Fundarstjóri er **Ingi Bogi Bogason**, SI — 

**Málþingið er opið meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.**

**Skráning fer fram á mottaka@si.is.**



Samtök iðnaðarins [www.si.is](http://www.si.is)



Orf fær leyfi  
til ræktunar á  
erfðabreyttu byggi

Umhverfisráðherra staðfesti ákvörðun Umhverfisstofnunar um leyfi fyrir ORF Líftækni til ræktunar á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti, en nokkrir aðilar höfðu kært leyfisveitinguna.

ORF Líftækni fagnaði úrskurði ráðherra þar sem nú hafi óvissu um áframhaldandi akuryrkju verið eytt. Ráðherra byggir úrskurðinn á faglegum forsendum og er fyrirtækinu mikilvægur fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

ORF Líftækni var veitt leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi á akri frá árinu 2003 með hléum auk leyfisins sem Umhverfisstofnun veitti árið 2009 sem gildir til ársins 2013. Ræktunin hefur gengið vel ef frá er skilið árið 2009, þegar skemmdarverk voru unnin á reitnum. Þá brá einnig svo við að vel rökstudd ákvörðun Umhverfisstofnunar sem byggði á ítarlegum umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og vísindamanna innan Ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur um áframhaldandi leyfi til akuryrkju, var kærð.

ORF Líftækni telur að kærán hafi fyrst og fremst verið tilraun til að slá ryki í augu almennings og stjórnvalda, enda er það samhljóma mat fyrirtækisins og vísindasamfélagsins að ekki stafi hætta af ræktun á erfðabreyttu byggi á Íslandi.



## Öflugar menntastofnanir gefa ungu fólki tækifæri til góðra og skapandi starfa.

Við viljum búa börnum okkar tryggja framtíð. Við viljum auka verðmætasköpun sem byggist á framfaravilja, nýsköpun og atorku. Góð raungreina-, tækni- og iðnmenntun er lykillinn að þeirri þekkingu og færni sem atvinnulífið þarfnast.

Við bjóðum þúsundir tæknistarfa á næstu árum.

